



# FRÉTTABRÉF

## FRÁ SVEITARSTJÓRN



### SVEITARSTJÓRNARFUNDIR 386 OG 387

Frá síðasta fréttabréfi hafa farið fram tveir fundir sveitarstjórnar. Á fundi sveitarstjórnar nr. 386 voru breytingar á samþykkt um stjórn Hvalfjarðarsveitar vegna fyrirhugaðs framsals til Borgarbyggðar um fullnaðarafgreiðslu mála vegna barnaverndarþjónustu samþykktar. Jafnframt var samningur við Borgarbyggð um að sinna verkefnum barnaverndarþjónustu samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002 fyrir Hvalfjarðarsveit samþykktur.

Á sama fundi sveitarstjórnar var samþykkt að styrkja jólaúthlutun Mæðrastyrksnefndar Akraness um kr. 250.000 en nefndin þjónar meðal annars Hvalfjarðarsveit.

Á 387. fundi sveitarstjórnar var erindi frá Mennta- og barnamálaráðuneyti tekið fyrir í tengslum við breytt skipulag barnaverndar. Á sama fundi var einnig tekin fyrir viðverustefna Hvalfjarðarsveitar.

Ýmis önnur mál, sem ekki er getið hér, hafa einnig verið tekin fyrir, sjá fundargerðir nefnda og sveitarstjórnar inni á heimasíðu sveitarfélagsins, [www.hvalfjardarsveit.is](http://www.hvalfjardarsveit.is)



*Kveikt var á jólatrénu á Vinavelli 30. nóvember*



*LED lýsingarvæðingu allra ljósastaura í Hvalfjarðarsveit lokið*

### JÓL Í HVALFJARÐARSVEIT

- ✦✦ 30. nóvember fór fram  
**Fullveldishátíð Heiðarskóla**
- ✦✦ 2. og 3. desember fór fram  
**Jólamarkaður til styrktar Innra-Hólmskirkju í Miðgarði**
- ✦✦ 5. desember fór fram  
**Jólabingó foreldrafélags leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar**
- ✦✦ 7. desember  
**Jólagleði kóranna**  
*Kl. 20:00 í Tónbergi á Akranesi. Fram koma: Kvennakórinn Ymur, Karlakórinn Svanir og Kór Saurbæjarprestakalls.*
- ✦✦ 9. desember  
**Jólagleði á Vinavelli**  
*Kl. 17:00 - 18:30 á Vinavelli í Melahverfi. Jólasveinn, jólasöngvar, heitt kakó og smákökur.*

Ýmis önnur jóladagskrá fer einnig fram í desember, má þar nefna jóladagskrá í starfi eldri borgara, föndur og bakstur í leik- og grunnskóla, jólaleikrit fyrir yngstu kynslóðina og fleira.



## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2024 – 2027

Fjárhagsáætlun Hvalfjarðarsveitar fyrir árið 2024 ásamt þriggja ára áætlun 2025-2027 var samþykkt á sveitarstjórnarfundi þann 22. nóvember sl. Í áætluninni endurspeglast vilji sveitarstjórnar til að styrkja áframhaldandi vöxt og uppbyggingu til framtíðar í Hvalfjarðarsveit. Líkt og fyrri ár endurspeglar fjárhagsáætlunin einnig að hlúa eigi að góðri þjónustu við íbúa, viðhaldi eigna og almennri framþróun í hinum ýmsu málefnum.

Á næsta ári eru samtals 613mkr. áætlaðar til fjárfestinga. Áætlað er að hefja framkvæmdir við byggingu nýs íþróttahúss sem því miður tókst ekki að byrja á þessu ári líkt og fyrri áætlun ráðgerði og er það stærsta einstaka fjárfesting komandi árs með 510mkr.

Gert er ráð fyrir 45mkr. nettó til áframhaldandi gatnagerðar í Melahverfi, 3. áfanga, til undirbúningsvinnu að byggingu nýs leikskóla eru áætlaðar 25mkr., til áframhaldandi göngu- og reiðhjólástígagerðar 18mkr., til vatnsveitu Hlíðarbæ eru 3mkr. og 2mkr. til opins svæðis í Krosslandi ásamt 10mkr. framlagi til fjárfestinga Vatnsveitufélags Hvalfjarðarsveitar. Árið 2025 er gert ráð fyrir 866mkr. til fjárfestinga, árið 2026 eru 623mkr. og árið 2027 eru 608mkr.

Á næstu fjórum árum eru því ráðgerðir rúmir 2,7 milljarðar til framkvæmda í Hvalfjarðarsveit, rúmur 1,7 milljarður til byggingu nýs íþróttahúss, tæpar 600mkr. til hönnunar og framkvæmda við nýjan leikskóla, tæpar 200mkr. nettó til áframhaldandi gatnagerðar og 72mkr. til göngu- og reiðhjólástígagerðar, samtals 20mkr. til opins svæðis í Krosslandi og 3mkr. til vatnsveitu í Hlíðarbæ. Að auki er 85mkr. hlutdeild til Vatnsveitufélags Hvalfjarðarsveitar ásamt 25mkr. hlutdeild í kaupum dælubíls slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar.

Fjárhagsáætlun Hvalfjarðarsveitar 2024-2027 er keimlík þeim er lagðar hafa verið fram undanfarin ár. Íbúum heldur áfram að fjölga og hús rísa við nýjar götur í þéttbýliskjörnum, bæði Melahverfi og Krosslandi, sem og í dreifbýli og er afar ánægjulegt að bæði sé byggt í dreifbýli og þéttbýli. Það er ekki útlit fyrir annað en að uppbygging undanfarinna ára muni halda áfram þó vissulega setji þjóðfélagsástandið merki sitt á stöðuna sem stendur en vonandi rætist úr fyrr en seinna öllum til heilla.

Nánar má lesa um fjárhagsáætlun Hvalfjarðarsveitar inni á heimasíðu sveitarfélagsins og í gegnum eftirfarandi QR kóða:



## Hvalfjarðarsveit

**755**

Íbúar í sveitarfélaginu

**119**

Börn og ungmenni í  
leik- og grunnskóla

**66**

Starfa hjá  
sveitarfélaginu



Sveitarstjórn óskar íbúum í Hvalfjarðarsveit, starfsfólki sveitarfélagsins, landeigendum og frístundahúsaeigendum í Hvalfjarðarsveit, sem og landsmönnum öllum gleðilegrar aðventu og jóla, sem og farsældar á nýju ári.

Bestu þakkir fyrir góðar stundir og samstarf á árinu sem er að líða.

**Hljójar jólakveðjur,  
sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar**